


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Sjúkdómafræði 1 SJÚK2MS05	
	Námsáætlun fjarnám vorönn 2017	

Kennari	Inga Björg Ólafsdóttir	Sk.st.	IBÓ
----------------	------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Í áfanganum er fjallað um þróun sjúklegra breytinga í mannlíkama frá frumulöskunum til sjúkdóma í líffærakerfum. Viðbrögðum frumna og vefja við álagi er lýst og hlutverki samvægisferla í viðhaldi heilbrigðis. Fjallað er um grundvallarhugtök í meinafræði eins og ónæmisviðbrögð, viðgerðarferli og vefjadrep. Fjallað er um sýkingar, erfðir og æxlisvöxt og tengsl umhverfisáhrifa og sjúklegra breytinga í líkama. Áhættuþættir, einkenni, orsakir, afleiðingar og meðferðarmöguleikar algengra sjúkdóma í stoðkerfi, taugakerfi og þekjakerfi eru teknir til umfjöllunar. Latneskt nafngiftakerfi í meinafræði og sjúkdómafræði er útskýrt.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- algengum fræðilegum hugtökum sem tengjast efni áfangans
- mikilvægi samvægis fyrir heilbrigði líkamans
- þróun sjúklegra breytinga í líkama
- viðbrögðum frumna, vefja, líffæra, líffærakerfa við álagi og samvægistruflunum
- algengum sýkingum í mannlíkama og einkennum þeirra
- samspili umhverfis-og erfðapátta í sjúkdómsþróun
- flokkun, hegðun og frumorsökum æxlisvaxtar
- áhættuþáttum, einkennum, orsökum, afleiðingum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í þekjakerfi, stoð- og taugakerfi
- fjölbreyttum miðlum til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdóma-og meinafræði
- latneskum nafngiftum í meinafræði og sjúkdómafræð

Leikniviðmið


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota algeng fræðileg hugtök sem tengjast efni áfangans
- bera saman þróun sjúklegra breytinga í frumum, vefjum, líffærum og líffærakerfum
- bera saman löskunaráhrif og smithæfni algengra sýkinga í mannlíkama
- gera grein fyrir samspili umhverfis-og erfðapátta í sjúkdómsþróun
- útskýra flokkun, hegðun og frumorsakir æxlisvaxtar
- gera grein fyrir áhættuþáttum, einkennum, orsökum, afleiðingum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í þekjakerfi, stoð- og taugakerfi
- nota fjölbreytta miðla til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdóma-og meinafræði
- nota latneskar nafngiftir yfir sjúkdóma og hugtök í meinafræði

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- rekja þróun sjúklegra breytinga í frumum, vefjum, líffærum og líffærakerfum og útskýra viðbrögð líkamans við þeim
- viðhafa viðeigandi smitgát vegna smitandi sjúkdóma
- draga ályktanir um möguleg áhrif umhverfislaskana og erfðagalla á sjúkdómsþróun
- miðla þekkingu um meinafræði og sjúkdóma í þekjakerfi, stoðkerfi og taugakerfi á fjölbreyttan og skapandi hátt
- nýta þekkingu sína í sjúkdómafræði í starfi

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Sjúkdómafræði 1 SJÚK2MS05 Námsáætlun fjarnám vorönn 2017	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Námsgögn: Kennslubók Bogi B. Ingimarsson. 1995. Sjúkdómar í mönnum, Reykjavík, Íðnú. Kafli 1-7 að báðum köflum meðöldum. Glærur kennara. Viðbótarefni af netinu og fl.

Áætlun um yfirferð:

Námsáætlun :

Vikulega verða gefnar ítarlegri upplýsingar um námsefnið og verkefnaskil.

- 1. og 2. vika.** Námsefni : 1. kafli í kennslubók
- 3. og 4. vika.** Námsefni : 2. kafli í kennslubók.
- 5. og 6. vika.** Námsefni : 3. kafli í kennslubók.
- 7. og 8. vika.** Námsefni : 4. kafli í kennslubók en sleppa bls. 84 og 88
- 9. og 10. vika.** Námsefni : 5. og 6. kafli í kennslubók.
- 11. og 12. vika.** Námsefni : 7. kafli í kennslubók en lesa töflu bls. 125 lauslega.

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Lokapróf	Lokapróf í maí	80%	
Verkefni	Vikuleg verkefni á moodle. Ef verkefni berst innan hálfmánaðar frá því að það er sent þá er einkunnin reiknuð að fullu. Ef verkefni berast seinna en það fer kennari yfir þau og gefur einkunn fyrir en hún reiknast sem núll í lokaeinkunn nema að nemendur hafi samið um annað t.d. vegna veikinda. Nemendur eru samt hvattir til að skila öllum verkefnum þótt það sé alltof seint því að alltaf er hugsanlegt að læra á því að gera þau og fá athugasemdir við þau.	20%	
	Samtals:	100%	
Annað: En til þess að annareinkunn gildi þarf nemandi að skila 40% af prófinu réttu.			

Dagsetning: 24.2.17

Inga B.
Undirritun kennara

Maria T.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils